

Strætó bs.

Endurskoðunarskýrsla vegna ársreiknings 2021

11. mars 2022





Grant Thornton

An instinct for growth™

11. mars 2022

Stjórn Strætó bs.
Þönglabakka 4
109 Reykjavík

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Strætó bs árið 2021.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahagi þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum ársreiknings. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirliti fyrirtækisins.

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Sturla Jónsson, löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf. undirritar ársreikning félagsins fyrir okkar hönd.

Virðingarfyllt,
f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Sturla Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Um endurskoðunina



Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2021 og fengið undirritað af stjórnarformanni félagsins. Þá gildir einnig verksamningur gerður við Reykjavíkurborg og tilgreind B hluta félög dags. 11. júlí 2018.



Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafsáðgerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar. Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisyfirlýsingu gagnvart félaginu.



Framkvæmd endurskoðunar

Endurskoðun okkar er framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla ásamt ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Markmið endurskoðunar er að veita óháð álit á ársreikningi félagsins. Þá ber okkur jafnframt að staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga.



Fundir með stjórn og endurskoðunarnefnd

Við höfum fundað með endurskoðunarnefnd nokkrum sinnum yfir árið og áttum fund þann 8. mars 2022 vegna málefna félagsins sérstaklega en einnig hafa málefni félagsins komið til tals á öðrum fundum.



Mikilvægismörk

Við höfum skilgreint mikilvægismörk vegna reikningsskilanna í heild sinni (e. materiality) sem 1% af rekstrartekjum og nema þau þannig 86,3 m.kr. Sérstök mikilvægismörk (e. performance materiality) er 75% af þeirri fjárhæð eða 64,7 m.kr.



Aðrar upplýsingar

Samkvæmt lögum um ársreikninga eru ríkar kröfur um upplýsingagjöf sem fylgja þarf ársreikningi, s.s. stjórnháttaryfirlýsing, ýmis ófjárhagsleg upplýsingagjöf auk ýmissa atriða sem greina þarf frá í skýrslu stjórnar. Þá hefur félagið einnig gefið út ársskýrslu. Um ábyrgð okkar gagnvart þessum upplýsingum er fjallað í kaflanum „Aðrar upplýsingar“ í áritun okkar með ársreikningnum.

Helstu niðurstöður endurskoðunar



Niðurstöður endurskoðunar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahagi þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.



Óleiðréttar skekkjur

Engar óleiðréttar skekkjur fundust við endurskoðunina sem reyndust yfir skráningarmörkum.



Veikleikar í innra eftirliti

Við endurskoðun okkar höfum við aflað okkur þekkingar á rekstrarumhverfi og innra eftirliti félagsins. Ef við verðum vör við verulega ágalla í innra eftirliti ber okkur að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd um slíka ágalla skriflega og er þá gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Þá höfum við jafnframt komið á framfæri ábendingum til stjórnenda um þau atriði sem við teljum að betur mætti fara án þess að viðkomandi atriði teljist verulegir ágallar í innra eftirliti.



Helstu áhersluatriði og áhættuþættir

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhættu á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með viðeigandi endurskoðunaraðgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðunina eru:


- Innlausn rekstrartekna
- Varanlegir rekstrarfjármunir
- Laun og launatengd gjöld
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Rekstrarreikningur

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings

- Tap er af rekstri Strætó bs. á árinu sem nemur 439,1 m.kr. samanborið við 453,9 m.kr. tap árið á undan.
- Rekstrarframlög eignaraðila nema 4.058,7 m.kr., aukast um 6% á milli ára. Rekstrarframlög eru innheimt á grundvelli fjárhagsáætlunar. Ríkisframlag ársins 2021 nemur 1.026,0 m.kr. Ríkisframlagið var 906 m.kr auk sérstaks framlags að upphæð 120 m.kr sem skýrir 14% hækkun á milli ára.
- Aðrar tekjur, fargjöld, tekjur af aksturþjónustu fatlaðra, o.fl. nema 3.518,4 m.kr. og aukast um 5% milli ára, sjá nánari umfjöllun á bls. 8.
- Kostnaður rekstrarsviðs nemur 6.577,1 m.kr. og eykst um 8% milli ára. Almenn séð eru hækkarnir í samræmi við almennar verðlagshækkarnir og hækkarnir á launum og launatengdum gjöldum.
- Kostnaður samreksturs nemur 820,4 m.kr. og eykst um 6% milli ára.
- Heildarlaunakostnaður nemur 2.806,2 m.kr og eykst um 5% milli ára, sjá nánari umfjöllun á bls. 9.
- Kostnaður vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra nemur 1.317,9 m.kr., er til jafns við tekjur af málaflokknum.

	2021	2020	%
Fargjöld og aðrar tekjur	3.518,4	3.363,3	5%
Rekstrarframlög eignaraðila	4.058,7	3.825,8	6%
Ríkisframlag	1.026,0	900,0	14%
Rekstrartekjur samtals	8.603,1	8.089,1	6%
Rekstrarsvið	-6.577,1	-6.116,5	8%
Samrekstur	-820,4	-772,5	6%
Aksturþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	-1.317,9	-1.335,4	-1%
Afskriftir	-251,2	-255,0	-1%
Rekstrarhagnaður	-363,5	-390,3	-7%
Hreinar fjármunatekjur	-75,6	-63,6	19%
Hagnaður ársins	-439,1	-453,9	-3%



Efnahagsreikningur

Helstu niðurstöður efnahagsreiknings

- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 1.783,0 m.kr., nýfjárfestingar nema 270,8 m.kr. á árinu.
- Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna, eftirstöðvar nema 642,1 m.kr. Þegar sá hluti sem kemur til gjaldfærslu á árinu 2022 hefur verið dreginn frá.
- Birgðir nema 104,2 m.kr., dragast saman um 6% milli ára. Birgðir samanstanda af varahlutalager á verkstæði og olúbirgðum.
- Viðskiptakröfur nema 36,1 m.kr., kröfur á eigendur 136,6 m.kr. og aðrar skammtímakröfur nema 93,0 m.kr.
- Handbært fé nemur 465,8 m.kr. en það nam 376,5 m.kr. í upphafi árs.
- Langtímaskuldir eru helst við Lánasjóð sveitarfélaganna en nýtt óverðtryggt lán til 5 ára var tekið á árinu hjá viðskiptabanka félagsins. Eftirstöðvar langtímalána nema 1.255,5 m.kr.
- Viðskiptaskuldir nema 622,3 m.kr., aukast um 27% frá fyrra ári og aðrar skammtímaskuldir nema 539,2 m.kr. í árslok. Þær samanstanda helst af ógreiddum launum og launatengdum gjöldum.

	31.12.2021	31.12.2020	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.783,0	1.763,5	1%
Fyrirframgreitt framlag - Brú	642,1	669,9	-4%
Fastafjármunir samtals	2.425,0	2.433,4	0%
Birgðir	104,2	101,0	3%
Viðskiptakröfur	36,1	95,1	-62%
Kröfur á tengda aðila	136,6	134,0	2%
Aðrar skammtímakröfur	93,0	76,8	21%
Handbært fé	465,8	376,5	24%
Veltufjármunir samtals	835,6	783,4	7%
Eignir samtals	3.260,6	3.216,8	1%

	31.12.2021	31.12.2020	%
Eigið fé	843,6	1.282,7	-34%
Langtímaskuldir	1.255,5	997,9	26%
Viðskiptaskuldir	622,3	491,7	27%
Ýmsar skammtímaskuldir	539,2	444,5	21%
Skammtímaskuldir samtals	1.161,5	936,2	24%
Skuldir og eigið fé samtals	3.260,6	3.216,8	1%

Fjárhagsáætlun 2021

Samanburður rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu við fjárhagsáætlun

- Rekstrartekjur eru 1.143,7 m.kr undir áætlun. Fargjöld reyndust um 7% undir áætlunum en helst munar um félagið hafði gert ráð sérstöku viðbótarframlagi frá ríki að fjárhæð 900 m.kr. en fékk eingöngu 120 m.kr. framlag. Þá var umfang af akstursþjónustu fatlaðra um 317,9 m.kr. undir áætlun sem útskýrir einnig lægri tekjur.
- Rekstrargjöld eru 425,4 m.kr. undir áætlun í heild sinni en 107,5 m.kr undir áætlun ef frá eru dregin áhrif minni umsvifa ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra.
- Ráðgert hafði verið við gerð fjárhagsáætlunar að 700 m.kr. yrði varið til fjárfestinga, bæði við endurnýjun vagnaflota og vegna nýs greiðslukerfis. Ráðgert var að þessar fjárfestingar yrðu fjármagnaðar með eigin fé og lánsfé. Þessar fjárfestingar gengu ekki eftir sem sjá má á samanburði á efnahagsreikningi í lok árs við áætlaða stöðu samkvæmt fjárhagsáætlun.

Rekstrarreikningur	Raun	Áætlun	%
Rekstrartekjur	8.603,1	9.746,8	-12%
Rekstrargjöld	-8.966,6	-9.392,0	-5%
Rekstrarhagnaður	-363,5	354,8	-202%
Fjármagnsliðir	-75,6	-63,6	19%
Hagnaður tímabilsins	-439,1	291,2	-251%
Efnahagsreikningur	Raun	Áætlun	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.783,0	2.320,5	-23%
Aðrir fastafjármunir	642,1	669,9	-4%
Veltufjármunir	835,6	568,4	47%
Eignir samtals	3.260,6	3.558,8	-8%
Eigið fé	843,6	1.494,4	-44%
Langtímaskuldir	1.255,5	1.386,6	-9%
Skammtímaskuldir	1.161,5	897,6	29%
Skuldir samtals	2.417,1	2.284,2	6%
Skuldir og eigið fé samtals	3.260,6	3.778,6	-14%
Fjárfestingar	270,7	700,0	-61%

Helstu áherslur við endurskoðun

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Strætó nema samtals 8,6 ma. kr. og greinast svo:

í m.kr.	2021	2020	%
Fargjöld	1.848,8	1.746,5	6%
Rekstrarframlög eignaraðila	4.058,7	3.825,8	6%
Ríkisframlag	1.026,0	900,0	14%
Pant akstursþjónusta	1.317,9	1.335,4	-1%
Aðrar tekjur	351,8	281,3	25%
Rekstrartekjur samtals	8.603,1	8.089,1	6%

Fargjöld nema 1.848,8 m.kr. og aukast um 6% milli ára. Félagið hefur orðið fyrir verulegu tekjufalli vegna faraldurs kórónaveiru og eru fargjaldatekjur enn um fjórðungi lægri en tekjur ársins 2019.

Eigendur Strætó bs. bæta upp rekstrarhalla með sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar leggja eigendur fram framlag til niðurgreiðslu nemendafargjalda og fargjalda öryrkja og aldraðra.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið endurnýjaður og gildir til ársins 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. Þá fékk Strætó 120 m.kr. aukaframlag frá ríkinu vegna Covid..

Undir öðrum tekjum eru þóknarir Strætó af akstursþjónustu fatlaðra og akstri á landsbyggðinni.

Við höfum framkvæmt greiningaraðgerðir á tekjum þar sem tekjur eru áætlaðar út frá magn- og verðaukningu milli ára. Þá höfum við sannreynt tekjuskráningu með úrtaksprófunum auk þess að hafa framkvæmt prófanir á innra eftirliti er varðar tekjuskráningu. Samningsbundnar tekjur höfum við staðfest með skoðun á frumgögnum og með ytri staðfestingum.

Félagið innleiddi nýtt greiðslu- og sölukerfi í nóvember en ferlar og sjálfvirkar tengingar við fjárhagsbókhald eru enn í mótun.

Við staðfestum viðskiptakröfur í árslok með skoðun á innborgunum eftir áramót og ytri staðfestingum. Þá fórum við yfir forsendur félagsins um niðurfærslu viðskiptakrafna og mátum réttmæti hennar.

Yfirferð okkar á rekstrartekjum og viðskiptakröfum er án athugasemda.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir nema 1.783,0 m.kr. af bókfærðu verði í árslok 2021. Eignfærslur nema 270,7 m.kr á árinu og eru helstar tilkomnar vegna þróunar nýs greiðslukerfis. Auk þess eru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum og strætisvögnum.

Samtals nemur eign félagsins í ökutækjum og strætisvögnum 1.430,8 m.kr. Strætisvagnar eru afskrifaðir á 13 árum en önnur ökutæki á 10 árum.

Við höfum lagt mat á fyrningar ársins og mat á líftíma eigna, sem og endurreiknað fyrningartöflu en hún er utan fjárhagsbókhaldskerfis.

Yfirferð okkar yfir varanlega rekstrarfjármuni er athugasemdalaus.

Helstu áherslur við endurskoðun

Launakostnaður

Launakostnaður félagsins nemur 2.806,2 m.kr. á árinu og meðalfjöldi stöðugilda nemur 258 á árinu. Launakostnaður greinist svo:

í mkr.	2021	2020	%
Laun	2.275,6	2.093,9	9%
Mótframlag í lífeyrissjóð	296,0	301,1	-2%
Önnur launatengd gjöld	206,8	195,9	6%
Gjaldfært framlag vegna Brú	27,9	27,9	0%
Breyting á orlofi	0,0	42,6	-100%
Laun og launatengd gjöld samtals	2.806,2	2.661,5	5%
Meðalfjöldi stöðugilda	258	247	4%

Við höfum yfirfarið upplýsingar í launakerfi og afstemmt við fjárhagsbókhald. Þá höfum við framkvæmt greiningaraðgerðir á launakostnaði og launatengdum gjöldum. Við framkvæmdum sérstaka launaskoðun á völdum starfsmönnum, þar sem laun voru borin saman við ráðningarsamning ásamt því að framkvæma prófanir á eftirlitsaðgerðum í launaferli, þá sérstaklega samþykki launa af hálfu deildarstjóra.

Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé ávallt fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu, þá helst aðgerðir sem snúa að dagbókarfærslum og launum.

Önnur mikilvæg atriði

Framsetning reikningsskila sveitarfélaga

Breytingar voru gerðar á reikningsskilum sveitarfélaga á árinu sem felur í sér að sveitarfélög skuli taka reikningsskil byggðasamlaga inn í samantekin reikningsskil sín. Í þessu felst að eigendur Strætó bs. munu nú telja hlutdeild sína í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlagsins óháð stærð eignarhluta í samanteknum reikningsskilum. Eftir því sem næst verður komist gerði eingöngu Reykjavíkurborg það áður.

Ábendingar vegna innra eftirlits

Við höfum komið nokkrum ábendingum á framfæri er varðar frágang reikningsskila og innra eftirlit til stjórnenda.

Við endurskoðun okkar urðum við þess vör að aðgreiningu starfa hefur ekki alls staðar verið komið við á Fjármálasviði. Til staðar eru þó verkferlar og verkaskipting sem lágmarkar áhættu vegna þessa.

Áhersla á framsetningu skýrslu stjórnar

Félagið telst stórt félag í skilningi laga um ársreikninga. Gerðar eru umtalsverðar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar, eða meðfylgjandi ársreikningum, fyrir slík félög. Þetta eru upplýsingagjöf er lítur að stjórnarháttum, viðskiptalíkani, áhættuþáttum, umhverfismálum o.fl.

Félagið hefur undanfarin ár vísað í ársskýrslu þar sem ítarlega er fjallað um sum þessara atriða. Slíkt er heimilt en felur þá í sér að ársskýrsla sé birt samhliða ársreikningi. Stendur ekki til að gera slíkt í ár og hefur því framsetningu þessara upplýsinga verið breytt.

Við höfum komið á framfæri nokkrum ábendingum um ófjárhagslega upplýsingagjöf og skýrslu stjórnar til stjórnenda sem mælt er til að hafðar verða til hliðsjónar við gerð ársreiknings ársins 2022.

Upplýsingatæknimál

Sem hluti af endurskoðun okkar höfum við yfirfarið upplýsingatækniumhverfi félagsins, sérstaklega gagnvart þeim upplýsingakerfum sem mikilvæg eru fyrir fjárhagsupplýsingagerð. Undanfarin ár hefur innri endurskoðun gert ítarlegar úttektir á upplýsingatæknimálum félagsins. Framkvæmd var úttekt á rekstri upplýsingakerfa á árinu 2021 og úttekt var gerð á netöryggi árið 2019.

Netárásir

Félagið varð fyrir tveimur tveimur netárásum nýlega. Sú fyrri átti sér stað í desember 2021 þar sem aðilar sögðust hafa komist yfir gögn af netdrifum Strætó, vinnuskjölum starfsmanna, afrit af bókhaldsgögnum og fleiri trúnaðargögnum. Engin gögn hafa glatast eða Strætó orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa, ef frá er talin vinna upplýsingatæknisérfræðinga þessu tengdu sem fellur til á árinu 2022.

Sú síðari átti sér stað í febrúar 2022 og var árás á greiðslukerfi Strætó en uppsettar netvarnir stóðust þá árás.

Önnur mikilvæg atriði

Lögfræðimál og skaðabótakröfur

Við höfum óskað eftir upplýsingum frá stjórnendum um yfirvofandi dómsmál, ágreining eða skaðabótakröfur. Þá höfum við óskað eftir sömu upplýsingum frá ytri lögfræðingum sem starfa fyrir félagið. Nokkur ágreiningsmál eru fyrir hendi sem vert er að gera grein fyrir.

Yfirstandandi er dómsmál vegna akstursútboðs frá árinu 2010. Fyrir liggur að Strætó hefur verið dæmt skaðabótaskyld í málinu en ekki liggur fyrir fjárhæð skaðabóta. Samkvæmt skýrslu undirmatsmanna var fjártjón metið á 206 m.kr. og 439 m.kr. ef dæmdar verði bætur vegna framlengingar á samningi. Samkvæmt mati yfirmatsmanna er fjártjón metið 107 m.kr. og 259 m.kr. ef tekið yrði tillit til framlengingar.

Færð hefur verið 75 m.kr. skuldbinding í ársreikning vegna málsins sem er óbreytt nú. Að mati stjórnenda og lögmanns félagsins eru væntingar til þess að lyktir málsins verði í samræmi við fyrirliggjandi dómafordæmi þar sem horfið er frá yfirmatsgerð og lægri bætur dæmdar. Þá þykir mjög ólíklegt að miðað verði við framlengingu samnings við ákvörðun skaðabóta.

Aðalmeðferð málsins er áætluð á árinu 2022. Ef niðurstaða málsins verður ekki í samræmi við væntingar stjórnenda er það líklegt til að hafa veruleg áhrif á rekstur ársins 2022 og mögulega kalla á viðbótarframlög frá eigendum.

Aðrar fjárkröfur liggja fyrir sem gætu haft fjárhagsleg áhrif á Strætó, tvær stefnur til greiðslu skaðabóta vegna framkvæmdar á samningum um tilfallandi akstur í akstursþjónustu fatlaðra og ein stefna vegna frá fyrrum starfsmanni vegna ólögðmætar uppsagnar. Engin skuldbinding hefur verið færð vegna þessara mála

Fyrir liggur krafa frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkur vegna snemmtöku lífeyris nokkurra fyrri starfsmanna. Krafan nemur 36 m.kr. en ekki er komin niðurstaða málið, hvorki að því er varðar grundvöll greiðsluskyldu né heldur endanlega fjárhæð. Ekkert hefur verið fært í reikningsskil félagsins vegna þessa máls.

Áhrif COVID-19 faraldursins og rekstrarhæfi

Heimfaraldur kórónaveiru hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins á síðastliðnum tveimur árum. Fargjaldasala var verulega undir áætlunum á árinu og umtalsverður halli á rekstrinum.

Horfur um þróun lausafjárstöðu félagsins á fyrstu mánuðum ársins 2022 eru neikvæðar. Til stendur að óska eftur heimild frá eigendum um töku skammtímalánsfjármögnunar til að tryggja lausafé.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi félagsins þrátt fyrir neikvæðar horfur og eru reikningsskilin sett fram miðað við þá forsendu.



© 2022 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

www.grantthornton.global